

Alþjóðlegur móðurmálsdagur UNESCO

Þriðjudaginn 21. febrúar næstkomandi verður alþjóðlegur móðurmálsdagur Unesco haldinn hátíðlegur á Íslandi og víða um heim. Áherslur UNESCO í ár tengjast mikilvægi fjöltyngiskennslu og sjálfbærni tungumála í menntun barna. Hægt er að fræðast nánar um alþjóðlega móðurmálsdaginn á heimasíðu UNESCO

<http://www.un.org/en/events/motherlanguageday/>

Móðurmál eru hluti af okkur og það er okkar dásamlegi réttur að læra og nota þau. Öll elskum við móðurmál okkar og viljum vera stolt af þeim hvar sem við erum stödd í heiminum.


Renata Emilsson Peskova formaður
Móðurmál- samtök um tvítyngi

Í skólum og frístundastarfi borgarinnar eru töluð hátt í 90 tungumál af börnum, foreldrum og starfsfólki sem þar starfar. Fögnum þeim fjársjóði sem felst í tungumálaforða þeirra sem leika og læra á okkar vettvangi. Móðurmál – samtök um tvítyngi kenna um 1000 börnum móðurmál alla laugardaga www.modurmál.com.

Allir með – tölum saman um
skólamenningu á Íslandi. [Fræðslufundir
SAMFOK á 10 tungumálum](#)



10 skemmtilegar leiðir til að vinna með fjölbreytt móðurmál í skóla- og frístundastarfinu [Stefna SFS um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf Heimurinn er hér bls. 22](#)




RÍKULEGUR TUNGUMÁLAFORÐI

Allir eru hvattir til að skrá tungumálin sem töluð eru í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Þannig vinnum við saman að því að efla tungumálaorðaforða landsmanna. Tungumálin eru skráð á <http://tungumalatorg.is/21feb/tungumalafordinn-2018/>

Hugmyndabanki - fjölbreytt tungumál á Tungumálatorgi
<http://tungumalatorg.is/21feb/hugmyndabankinn/>

Tungumálafjársjóður: Hvað getum við safnað orðinu VINUR á mörgum tungumálum? Berið saman orðin og skoðið hvað þau eiga sameiginlegt.

Lesum saman á fjölbreyttum tungumálum: Hvetjið börn og foreldra til að koma með bækur á fjölbreyttum tungumálum. Heimsækið bókasafnið í hverfinu og fáið lánaðar bækur á fjölbreyttum tungumálum.



Tungumálatöffarar, tónlist og töfrar! Dagskrá í Gerðubergi 24. febrúar kl. 13:30

Í ár býður Borgarbókasafnið, í samstarfi við Samtökin Móðurmál, Miðju máls og læsis og Skóla- og frístundasvið til tungumálahátíðar í tilefni alþjóðlega móðurmálsdagsins.

Sex kórar munu syngja lög á sínum móðurmálum, hægt verður að skrifa bréf til vina og ættingja í öðrum löndum og Tungumálatréð verður skreytt með fallegum orðum á öllum heimsins tungumálum. Einnig verður boðið upp á föndursmiðjur og Karaoke þar sem tungumálin fá að njóta sín.

Samtökin Móðurmál munu kynna safnkost sinn en samtökin hafa að undanfögnu unnið að því að skrá bækur á ýmsum tungumálum í bókasafnskerfi Gegnis. Nánari upplýsingar má finna á:

<https://www.facebook.com/events/361249041018357/>

Allir velkomnir

Tungumálin sem ég heyri eða nota daglega

Börnin teikna sjálfsmynd eða nýta myndina hér við hliðina og lita inn í hana tungumálin sem eru hluti af þeirra daglega lífi. Að því búnu er hægt að ræða eftirfarandi:

- Hvaða tungumál nota ég oft?
- Hvaða tungumál heyri ég en nota ekki?
- Hvaða tungumál tala ég vel?
- Hvaða tungumál langar mig til að læra?

